

# Fundur í skólaráði Sunnulækjarskóla

## 38. fundur, haldinn 2. mars 2017, kl 16:30

*Mætt voru: Hafrún Grétarsdóttir, Birgir Edwald, Heimir Bates, Ólafur Unnarsson, Kristjana Gunnarsdóttir og Anna Guðrún Steindórsdóttir sem ritaði fundargerð.*

### 1. Skóladagatal

Skóladagatal skólaársins 2017 – 18 yfirfarið. Skólaráð gerir engar athugasemdir.

### 2. Þróun nemendafjölda

Reiknað er með að nemendum fjölgi um 15 – 20 nemendur milli skólaára án þess að reiknað sé með fjölgun íbúðarhúsa á upptökusvæði skólans. Nokkrar áhyggjur eru vegna hugsanlegrara fjölgunar nemenda vegna nýbygginga á svæðinu. Sagt var frá að nefnd á vegum sveitarfélagsins sé að störfum til að meta húsnæðisþörf grunnskóla sveitarfélagsins.

### 3. Starfsmannamál

Rætt almennt um starfsmannamál. Starfsmannaviðtöl standa nú yfir og stefnt er að því að auglýsa snemma í vor.

### 4. Önnur mál

- Öryggismyndavélar – rætt um hvort sé verið að fjölga þeim. Það stendur ekki til.
- Rætt um að ekki sé tímabært að fjarlægja bráðabirgðakennslustofu við vesturenda þar sem hún nýtist skólavistun og fleirum.

Fundi slitið kl. 17:30

AGS/bed